# HLUTVERK OG VALD SVEITARFÉLAGA TIL AÐ DRAGA ÚR UMBÚÐAAUSTRI

EYGERÐUR MARGRÉTARDÓTTIR, REYKJAVÍKURBORG

Reykjavíkurborg

# YFIRLIT

Umbúðir til gagns og ógagns

Skyggnst ofan í gráu tunnuna í Reykjavík

Hlutverk sveitarfélaga

Verkfærakista sveitarfélaga

- Hvatning og stuðningur
- Hagrænir hvatar
- Boð og bönn
- Gott fordæmi

Samantekt

# UMBÚÐASAMFÉLAGIÐ




(World Economic Forum 2016)



# FRAMTÍÐ UMBÚÐASAMFÉLAGSINS




(World Economic Forum 2016)

# HVAÐ FER „Í RUSLIÐ“ Í REYKJAVÍK?







Gráa tunnan: 186 kg/íbúa
Bláa tunnan: 5 kg/íbúa

Gráa tunnan: 151 kg/íbúa
Bláa tunnan: 29 kg/íbúa
Græna tunnan: 0,000005 kg/íbúa

(SORPA bs. 2010/2015)

# VILJI ÍBÚA

## Vinsamlega merktu við hvort þú gerir eftirfarandi, hvort þú gætir hugsað þér að gera það eða gætir ekki hugsað þér að gera það.




(Capacent fyrir Reykjavíkurborg og SORPU 2014)

# HLUTVERK OG MARKMIÐ REYKJAVÍKUR

„Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.“ (Lög nr. 55/2003)




## Rammi:

- Lög og reglur
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024
- Svæðisáætlun í meðhöndlun úrgangs 2009-2020
- Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030
- Aðgerðaáætlun í úrgangsmálum í Reykjavík til 2020





# VERKFÆRI SVEITARFÉLAGA

Hvatning og stuðningur

Hagrænir hvatar

Boð og bönn

Gott fordæmi

...



# HVATNING OG STUÐNINGUR – FRÆÐSLA OG ÁTAKSVERKEFNI



# HVATNING OG STUÐNINGUR – SAMSTARF OG FRÆÐSLA

Aðild að yfirlýsingunni jafngildir því að þátttakendur setji sér einföld markmið fyrir lok júní 2016 um að:

1. draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
2. minnka myndun úrgangs, m.a. með því að nota minna af óendurvinnanlegu hráefni og umbúðum, endurvinna og endurnýta.
3. mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta.



# HVATNING OG STUÐNINGUR - ÞJÓNUSTA






| | 0% | 15% | 30% | 45% | 60% | 90% |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flokkað plast (tonn) | 0 | 570 | 1.140 | 1.710 | 2.280 | 3420 |
| Hlutur plasts í blönduðum úrgangi (%) | 20 | 18 | 15 | 12 | 9 | 2 |
| Magn plasts í bl. úrgangi (tonn) | 3.800 | 3.230 | 2.660 | 2.090 | 1.520 | 380 |
| Magn blandaðs úrgangs (tonn) | 19.000 | 18.430 | 17.860 | 17.290 | 16.720 | 15.580 |
| Heildar úrgangur (tonn) | 19.000 | 19.000 | 19.000 | 19.000 | 19.000 | 19.000 |
| Rúmmálsminnkun úrgangs í grárri tunnu (%) | 0 | 5 | 12,5 | 20 | 27,5 | 45 |

# HVATNING OG STUÐNINGUR - NÝSKÖPUN






# HVATNING OG STUÐNINGUR- SKIPULAG OG HÖNNUN BYGGINGA



Vesturbugt



Vogabyggð








# HAGRÆNIR HVATAR - GJALDSKRÁR







Grænar tunnur undir plast: 2.382

Bláar tunnur undir pappír: 12.995

Spartunnur undir blandaðan úrgang: 3.240

Gráar tunnur undir blandaðan úrgang: 32.478

# BOÐ OG BÖNN



## SAMÞYKKT

**um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.**

1. gr.

*Almenn ákvæði.*

Meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reykjavíkurborg sér um söfnun á heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík og hefur umsjón með rekstri grenndarstöðva fyrir flokkaðan heimilisúrgang. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita öðrum aðilum undanþágu til söfnunar á flokkuðum heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík. Skilyrði undanþágu er að þjónusta sem veitt er sé meiri en þjónusta sem Reykjavíkurborg veitir, þ.e. nái til söfnunar á fleiri úrgangsflokkum. Í undanþágu skal kveðið á um nánari skilyrði hennar, m.a. varðandi skýrslugjöf til Reykjavíkurborgar og heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar um magn úrgangs og flokkun hans, tíðni losunar og meðferð úrgangsins auk almennra hollustu- og mengunarvarnaákvæða. Undanþágu skal aðeins veita þeim sem hefur starfsleyfi til endurvinnslu og flutnings úrgangs í Reykjavík. Í þeim tilvikum þar sem veitt er undanþága, er Reykjavíkurborg jafnframt heimilt að falla frá innheimtu sorphirðugjalda að því marki, sem gjaldið nær til söfnunar heimilisúrgangs og leigu sorpíláta.

Rekstraraðilar sem úrgangur fellur til hjá skulu sjálfir sjá um söfnun og meðferð á þeim úrgangi. SORPA bs. annast rekstur endurvinnslustöðva í Reykjavík til móttöku á flokkuðum úrgangi.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs í Reykjavík skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, og að farið sé að samþykkt þessari.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum eða gangstéttum. Sama á við um númerslausar bifreiðar, bílflök, vélar og sambærilega hluti.

2. gr.

*Söfnun á heimilisúrgangi.*

Sorpílát fyrir blandaðan heimilisúrgang skal losa að jafnaði á 10 daga fresti. Húsráðendur sérbýlishúsa þar sem sorptunnur eru ekki samnýttar geta þó óskað losunar á að jafnaði 20 daga fresti. Reykjavíkurborg getur þó, ef aðstæður leyfa, heimilað losun sorpíláta á að jafnaði 20 daga fresti við önnur hús en sérbýlishús. Sorpílát fyrir pappírs- og pappaúrgang skal losa að jafnaði á 20 daga fresti.

Sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar ákveður.

Reykjavíkurborg útvegar sorpílát til notkunar við íbúðarhúsnæði, yfirleitt 240 l plastílát. Þar sem stærri ílát henta við fjölbýlishús getur Reykjavíkurborg ákveðið notkun þeirra. Sorpílátin eru eign Reykjavíkurborgar og sér borgin um viðhald á þeim. Íbúðareigendur skulu gæta þess að valda ekki skemmdum á ílátunum. Verði ílát fyrir skemmdum af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun og sliti getur Reykjavíkurborg farið fram á að íbúðareigandi greiði fyrir nýtt ílát.

Íbúðareigendur skulu halda sorpílátum hreinum svo ekki skapist heilsuspillandi aðstæður eða óþægindi af völdum þeirra. Haldi íbúðareigendur sorpílátum ekki hreinum getur Reykjavíkurborg látið hreinsa ílátin á kostnað íbúðareigenda.

Húsráðandi, hússtjórn fjölbýlishúsa eða meirihluti eigenda í fjöleignarhúsum geta beðið um að ílátum sé fjölgað eða fækkað og greiðir þá viðkomandi fyrir flutning íláta samkvæmt reikningi. Fjöldi íláta skal ekki vera svo takmarkaður að þau yfirfyllist. Að lágmarki skal vera eitt ílát fyrir blandað heimilissorp við hvert íbúðarhús.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim og flytja. Tilfallandi umframúrgang sem ekki rúmast í sorpíláti skal losa í sérmerkta poka sem bera sorphirðugjald, á grenndarstöðvar, eða á endurvinnslustöðvar SORPU bs. eftir því hvaða úrgangsflokk er um að ræða. Reykjavíkurborg skal sjá til þess að sorppokar sem bera sorphirðugjald séu seldir á aðgengilegum stöðum.

# BOÐ OG BÖNN – FYRIRKOMULAG HIRÐU




Lyf

Pappírsefni

Garðaúrgangur

Múrbrot




Grjót

Spilliefni

Grófur úrgangur: timbur, brotamálmar o.fl.

Drykkjarumbúðir með skilagjaldi

# GOTT FORDÆMI – REKSTUR STOFNANNA



VOTTUN HF.

ÍST ISO 14001



Þjónustumiðstöð Háaleitis og Bústaða




GRÆN SKREF

í starfsemi Reykjavíkurborgar










# GOTT FORDÆMI/HAGRÆNIR HVATAR - INNKAUP

TORINO METROPOLI
Città metropolitana di Torino

Acquisti Publici Ecologici (APE)

PLANET PROCUREMENT

**17.731 tons of $CO_2$ equivalent avoided for electric power, vehicles and IT office equipment**




Total CO2 emissions avoided through APE compliant procurement - View per spend category

**585 tons of plastic avoided**
**3.577 tons of $CO_2$ equivalent avoided for catering services**

(Planet Procurement 2016)

# SAMANTEKT

Brýnt að stöðva óþarfa umbúðaaustur og aðra sóun.

Það þarf að vera ódýrara og auðveldara að stunda vistvænan lífstíl eða rekstur.

Sveitarfélög eru vel til þess fallinn að hafa áhrif.

Sveitarfélög geta og hafa beitt sér með ýmsu móti.

Sveitarfélög beita helst hvatningu og stuðningi.

Lagaheimildir vantar til að ganga lengra.

# FRAMUNDAN




*Borgarstjórn samþykkir að móta og hefja aðgerðir gegn notkun einnota umbúða í borginni. Horft verði til þess hvernig auðvelda megi borgarbúum að komast hjá einnota umbúðum og velja annað en t.d. plastpoka og annars konar einnota umbúðir. Skal aðgerðaáætlunin unnin í samstarfi við grasrótarsamtök, samtök um verslun og þjónustu, starfsmenn borgarinnar og íbúa. Þá verði skoðað hvernig megi standa að fræðslu til að ná þessum markmiðum. Rýna skal í aðra markaða stefnu borgarinnar sem kann að skipta máli fyrir verkefnið og hafa þær stefnur til hliðsjónar sem þegar hafa verið samþykktar í umhverfis-, auðlinda- og úrgangsmálum.*

(Fundargerð borgarstjórnar 15. nóvember sl.)


Kraftur – Hófsemd – Samvinna - Vinsemd
Siła – Oszczędność – Współpraca – Życzliwość
Kraft – Sparsamkeit – Zusammenarbeit - Freundlichkeit
Sức mạnh - Điều độ - Hợp tác - Ân cần